



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, skrifstofa landgæða Skilað á samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík 9. nóvember 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Vísað er til draga að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið birti í samráðsgátt stjórnvalda í september 2021 (mál nr. 184/2021).

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur farið yfir drögin og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Samráðið og umgjörð þess

Í upphafi vill Ferðaklúbburinn 4x4 minna á að útivistarfélag sem njótendur lands og náttúru hafa ríka hagsmuni af sjálfbærri landnýtingu, náttúruvernd og ferðafrelsi.

Sem augljós hagaðili gerir Ferðaklúbburinn 4x4 alvarlegar athugasemdir við að hafa ekki verið kallaður til samráðs á fyrri stigum við gerð þessarar reglugerðar og að engin tilkynning hafi verði send til hagaðila um að þetta málefni væri komið í samráðsgáttina. Er það miður og þeim sem að málinu standa til vansa.

Við teljum þessi reglugerðadrög vera illa unnin og með slíkum göllum að draga hefði átt reglugerðadrögin til baka þegar við bentum fulltrúum ráðuneytisins á galla sem að okkar mati eru alvarlegir. Það lýsir virðingarleysi gagnvart þeim fjölmörgu sem hafa hagsmuna að gæta og þurfa að gera umsagnir við svona reglugerðir, þegar þeim er gert að uppgötva hver um sig ágalla sem þekktir eru af hálfu ráðuneytisins.

Efnislegar athugasemdir

Í kynningu í Samráðsgáttinni kemur fram að markmið með reglugerðinni er „að tryggja sjálfbæra landnýtingu, með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju.“

Ferðaklúbburinn 4x4 telur ekki rétt að setja viðmið um sjálfbæra landnýtingu á borð við beit og landgræðslu fram í sömu reglugerð og viðmið fyrir umferð ökutækja. Eðlismunur þessara álagsþátta er svo mikill. Sem dæmi má nefna að landnýting eins og beit getur verið sjálfbær í þeim skilningi að ástand getur batnað og landgræðsla leiðir til landbóta en umferð, hvort sem ökutækja eða gangandi verður aldrei alveg sjálfbær í eiginlegum skilningi þess orðs.

9. gr. Viðmið vegna umferðar fólks og ökutækja

Ferðaklúbburinn 4x4 telur að hér hafi ekki verið vandað nægjalega til verka. Greinina er hægt að túlka þannig að hún taki yfir allt land, þar með talda vegi, slóða og göngustíga.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 með síðari tíma breytingum hafa 4. og 5. kaflar hingað til verið taldir ná alveg yfir umferð fólks og ökutækja. Telur Ferðaklúbburinn 4x4 rétt að svo verði áfram og að það komi skýrt fram í reglugerðinni.

Í 9. grein draga að reglugerðinni kemur fram í fyrstu setningu: „Umferð fólks og ökutækja skal miða við að hið náttúrulega umhverfi beri umferðina sem þar er og að ástand þess breytist ekki eða hnigni af völdum álags“. Þetta er of strangt orðalag gagnvart allri umferð, sérstaklega þessi hluti: „breytist ekki eða hnigni af völdum álags“. Með þessu orðalagi er verið að gefa fólki með öfgafull viðhorf óþarfa viðspyrnu til að rökstyðja lokun fyrir nær allri umferð á hálendinu.

Önnur dæmi í grein 9. um altæk viðmið sem eru án minnsta sveigjanleika:

- d) Álagsfletir haldast óbreyttir milli álagstíma, breikka/hliðrast hvorki né vaxa að ummáli.
- e) Gróður lætur ekki á sjá og nær að endurnýja sig.
- f) Jarðvegseyðing er ekki sjáanleg og engin rofmyndun.
- g) Jarðvegur er stöðugur.
- h) Hliðarstígar eða villustígar-/slóðar hafa ekki myndast.
- i) Engar vatnsrásir eða pollar hafa myndast.

Þarna kemur greinilega fram að grein 9 nær yfir umferð ökutækja. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að aka utan vega eða slóða og þarna er því augljóslega átt við vegi og slóða.

Vísað er til viðauka IV varðandi nánari leiðbeiningar.

Þar er fyrirsögnin „Sjálfbær landnýting og umferð fólks og ökutækja. Leiðbeiningar sjálfbærrar landnýtingar m.t.t. hönnunar og uppbyggingu innviða.“ Þarna eru vegir og vegslóðar taldir með.

Í fyrstu setningu er svo nánari upptalning: „Almennt um skipulag og hönnun innviða, svo sem göngustíga, reiðvegi, hjólastíga, áningarstaða, palla, göngubrúa, merkingar, þjónustubyggingar og bílastæði.“

Þarna eru vegir og vegslóðar ekki teknir með, bara bílastæði.

Þarna er augljóst ósamræmi sem opinberar enn á ný að drögin að reglugerðinni eru ekki nægjanlega vel unnin og ástæða er til að endurvinnna þau.

Við höfum fengið þær skýringar hjá ráðuneytinu að vegir og vegslóðar, sem ekki hafa eiginlegt veghald, eigi ekki að falla undir þessa reglugerð heldur taki náttúruverndarlögin á þessum þáttum gagnvart þeim.

Ferðaklúbburinn 4x4 fer fram á að ráðuneytið vinni drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu betur og lagi reglugerðina að því sem henni er ætlað. Það teljum við best gert með því að tilgreina með skýrum hætti í reglugerðinni að hún eigi ekki við vegi og vegslóða.

Sveinbjörn Halldórsson
Formaður Ferðaklúbbsins 4x4

Íris Friðriksdóttir
Formaður Umhverfisnefndar
Ferðaklúbbsins 4x4